

28. maí 2014

Ræða stjórnarformanns Fjármálaeftirlitsins

Virðulegi ráðherra, aðrir fundargestir.

Undanfarin ár hefur Fjármálaeftirlitið starfað eftir skýrri stefnu sem mörkuð var í upphafi árs 2011. Eitt af lykilmarkmiðum hennar var að Fjármálaeftirlitið stæðist alþjóðlegan samanburð um virkt fjármálaeftirlit. Til að meta árangur af þeim breytingum sem gerðar höfðu verið var ráðist í úttekt á starfseminni árið 2011. Í ljós kom að Fjármálaeftirlitið uppfyllti að hluta 13 af 25 kjarnareglum um árangursríkt bankaeftirlit, eða svonefnd Basel Core Principles.

Alþjóða gjaldeyrissjóðnum var á síðasta ári falið að endurtaka sambærilega úttekt og er gert ráð fyrir að henni ljúki um mitt þetta ár. Frumniðurstöður hennar gefa til kynna að Fjármálaeftirlitið sé á réttri leið. En betur má ef duga skal og enn vantar mikið uppá að Fjármálaeftirlitið uppfylli viðmiðin. Að mínu mati er það sameiginlegt hagsmunamál Fjármálaeftirlitsins og eftirlitsskyldra aðila að íslenskt fjármálaeftirlit nái þessu takmarki. Það mun án efa styrkja íslenska fjármálamarkaði og bæta aðgengi Íslands að alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Það er fullkomlega raunhæft að stofnunin geti náð þessu markmiði innan þriggja ára. Til þess þarf þó tryggt fjármagn og vilja stjórnvalda til að láta stofnuninni í té þær heimildir og það sjálfstæði sem til þarf.

Óvissa um fjármögnun Fjármálaeftirlitsins hefur verið og er enn helsti óvissuþátturinn varðandi árangur af umbótaverkefnum þess. Skemmst er þess að minnast að fyrirhuguð styrkveiting til eflingar Fjármálaeftirlitsins í tengslum við aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu var afturkölluð. Í kjölfarið óskaði stofnunin eftir endurskoðun á fyrirbyggjandi drögum að fjárhagsáætlun svo hægt væri að fjármagna umbótaverkefni með öðrum hætti. Þessi tilmæli um endurskoðun fengu ekki brautargengi hjá stjórnvöldum. Áhrifin eru þau að hægja hefur þurft á framkvæmd umbótaáætlunarinnar og draga úr starfsemi á öðrum sviðum.

Ef litið er til framtíðar eru einnig blikur á lofti því meirihluti fjárlaganefndar Alþingis hefur lagt til að eftirlitsgjald fjármálafyrirtækja renni ekki beint til Fjármálaeftirlitsins, líkt og það hefur gert hingað til, heldur í ríkissjóð og að Fjármálaeftirlitið verði fjármagnað með beinum hætti af fjárlögum. Óhætt er að fullyrða að slík breyting myndi draga verulega úr sjálfstæði stofnunarinnar og að öllum líkindum skapa aukna óvissu um fjárhagsramma hennar til frambúðar. Ég tel mikilvægt að þessi áform verði lögð til hliðar, a.m.k. hvað varðar Fjármálaeftirlitið, á meðan leitað er leiða til að renna sterkari stoðum undir ákvarðanatöku um umfang eftirlits til lengri tíma í senn.

Starfsemi Fjármálaeftirlitsins er byggð á þeirri grundvallarforsendu að stjórn og stjórnendur eftirlitsskyldra aðila beri ábyrgð á því að fyrirtæki þeirra starfi í samræmi við góða stjórnarhætti, tryggi rekstrarhæfi og að viðeigandi stýring á áhættu sé til staðar. Í þessu samhengi er hlutverk Fjármálaeftirlitsins því að veita stjórn og starfsmönnum eftirskyldra aðila aðhald og móta umhverfi byggt á öflugum lagaramma, reglum og leiðbeinandi tilmælum, sem stuðla að góðum stjórnarháttum og miða að því að tryggja að áhættusækni sé innan eðlilegra marka og að áhætta sé skilgreind og henni stjórnað.

Fjármálaeftirlitið mun á næstu misserum taka upp áhættumiðað eftirlit. Í því felst að stofnunin mun forgangsraða enn frekar í starfi sínu og beina athugunum sínum einkum að þeim félögum sem eru kerfislega mikilvæg eða varða af öðrum ástæðum mikilvæga hagsmuni neytenda. Þá er afar mikilvægt að félög á fjármálamarkaði átti sig á því að lög, reglur og eftirlit geta aldrei komið í stað góðra stjórnarháttanna og ábyrgðar stjórnenda og starfsmanna fjármálafyrirtækja.

Í þessu samhengi er einnig vert að nefna að áfram þarf að vinna að því að tryggja stöðu innstæðueigenda. Það verður meðal annars gert með því að koma í veg fyrir að áhætta af fjárfestingabankastarfsemi flytjist yfir á viðskiptabankastarfsemina. Mikil umræða fer nú fram varðandi það með hvaða hætti þetta verði gert og hafa ýmsar leiðir verið ræddar í því samhengi. Fjármálaeftirlitið mun fylgjast náið með þeirri þróun sem á sér stað í Evrópu hvað þetta varðar og erum við meðvituð um mikilvægi þess að stíga varlega til jarðar.

Framtíðarsýn Fjármálaeftirlitsins er að fjármálamarkaðir starfi eftir gildandi leikreglum og í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti í þágu alls samfélagsins.

Stærsta úrlausnarverkefni sem íslenskt efnahagslíf stendur frammi fyrir er afnám gjaldeyrishafta. Þrátt fyrir að ýmis rök hafi verið fyrir fjármagnshöftum þegar þau voru sett á er skaðsemi þeirra alltaf að koma betur og betur í ljós. Á meðan við búum við gjaldeyrishöft munum við ekki ná að nýta þau tækifæri sem eru allt í kringum okkur.

Hætta er á að efnahagslífið aðlagist höftunum og aðilar hætti að gera sér grein fyrir hversu kostnaðarsöm þau raunverulega eru. Í því samhengi vil ég minna á að stór hluti kostnaðar við höftin felst í glötuðum tækifærum og tíma og orku sem fer í að finna leiðir til að fá undanþágur frá þeim.

Hvorki lífeyrissjóðakerfið né atvinnulífið þolir frekari bið eftir að markviss skref verði stigin til að aflétta höftunum og þannig opnað fyrir fjölbreyttari fjárfestingar, meiri eignadreifingu og heilbrigðara fjármálakerfi. Einnig er ljóst að þörf er á erlendra fjárfestingu inn í íslenskt atvinnulíf. Erfitt er þó að ímynda sér að áhugi fjárfesta á landinu aukist nema að trúverðug afnámsáætlun sé lögð fram. Óvissan sem fylgir afnámsferlinu dregur úr hvata til fjárfestinga og hamlar því að hér verði sjálfbær hagvöxtur. Verkefnið er skýrt og sú áhætta sem fylgir afnámsferlinu er að öllum líkindum minni en sú áhætta sem fylgir áframhaldandi aðgerðaleyfi og höftum.

Íslenska lífeyrissjóðakerfið er afar stórt. Eignir íslenskra lífeyrissjóða eru um 150% af vergri landsframleiðslu og er árleg fjárfestingaþörf þeirra talin vera yfir 130 milljarðar. Vegna gjaldeyrishafta eru miklar takmarkanir á fjárfestingakostum lífeyrissjóðanna og geta þeir nær einungis fjárfest á innlendum verðbréfa- og fasteignamarkaði. Þetta fyrirkomulag hefur haft í för með sér ákveðna röskun á eignasafni sjóðanna og hver aðkoma þeirra er að innlendum fyrirtækjum. Sem dæmi má nefna að lífeyrissjóðir eru nú beinir eigendur að ríflega þriðjungum af öllum skráðum hlutabréfum íslenskra fyrirtækja. Þetta skýrir m.a. ríkar kröfur Fjármálaeftirlitsins um hæfni þeirra einstaklinga sem taka sæti í stjórnnum sjóðanna. Það er skýlaus krafa að hálfu eftirlitsins að aðilar sem kjörnir eru í stjórn lífeyrissjóða hafi til að bera nægjanlega þekkingu og reynslu til að sinna hlutverki sínu.

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um sparisjóðina sem nýlega var birt veitir afar góða innsýn inn í rekstur og framtíðarhorfur sparisjóðanna. Hugmyndin á bak við stofnun sparisjóðakerfis var að mörgu leyti rómantísk. Hún miðaði að því landsmenn tækju sig saman

og efldu atvinnulíf og almenna samfélagsþróun í sinni heimabyggð. Starfsemi þeirra byggðist því í raun á félagslegum sjónarmiðum þar sem að þeir áttu að sinna þjónustu sem önnur fjármálafyrirtæki gátu ekki sinnt eða vildu ekki sinna t.d. í dreifðari byggðum landsins. Umhverfi fjármálamarkaða hefur hins vegar breyst mikið á undanförunum árum t.d. með nýrri tækni og betri samgöngum. Samkeppnisstaða sparisjóða hefur því að mörgu leyti versnað og er staða þeirra nú afar viðkvæm og framtíð þeirra óljós. Þrátt fyrir að göfug hugsjón liggi að baki stofnun sparisjóða er erfitt að sjá hvernig þeim á að takast að uppfylla skyldur sínar sem fjármálafyrirtæki til langs tíma nema að gripið verði til frekari sameiningar sjóða og almennrar hagræðingar.

Á íslenskum fjármálamarkaði eru þrír kerfislega mikilvægir bankar og hafa þeir allir nýverið skilað uppgjöri vegna ársins 2013. Svo virðist sem afkoma af grunnrekstri þeirra allra sé að batna og eiginfjárhlutföll eru sterk þrátt fyrir arðgreiðslur. Há eiginfjárhlutföll eru meðal sterkustu þátta í starfsemi bankanna en lausafjárstaða þeirra er einnig vel yfir mörkum og dregið hefur úr vanskilum bæði fyrirtækja og einstaklinga. Þetta ásamt því að nokkur efnahagsbati hefur átt sér stað innanlands og erlendis hefur orðið til þess að umhverfi fjármálafyrirtækja hefur almennt batnað.

Vert er þó að benda á að umhverfið er enn tvísýnt. Heimili og fyrirtæki eru t.d. mörg hver mjög skuldsett. Því geta vanskil aukist á ný ef efnahagsbatinn heldur ekki áfram. Við aðstæður eins og þær sem ríkt hafa á Íslandi að undanförunu er afar mikilvægt að bankar kappkosti að færa niður lán í samræmi við væntar endurheimtur og að vanskil verði ekki falin með lánalengingum eða öðrum sambærilegum hætti. Fjármálaeftirlitið hefur beitt sér fyrir úrbótum í skráningu vanskila og hafa bankarnir tekið fullan þátt í því verkefni.

Engu að síður, nú tæpum sex árum eftir hrun, þegar skýrari sýn er komin á efnahagsreikning stóru bankanna og rekstur þeirra virðist orðinn sjálfbær og arðsamur er rétti tíminn til að slíta naflastrenginn og fá framtíðareigendur að þeim bönkum er enn lúta slitastjórn.

Þá er rétt að geta þess að Fjármálaeftirlitið mun halda áfram að hafa eftirlit með slitastjórnnum föllnu bankanna. Með lögum nr. 78/2011 var Fjármálaeftirlitinu falið að hafa eftirlit með slitastjórnunum og voru stofnuninni veittar víðtækar heimildir til þess að kalla eftir upplýsingum um einstakar ráðstafanir slitastjórna varðandi framkvæmd slita, að hafa almennt eftirlit með framgöngu þeirra við slit fjármálafyrirtækja og því hvort við störf þeirra sé vikið frá meginreglunni um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Fjármálaeftirlitið hefur kallað eftir gögnum frá slitastjórnunum og er verið að vinna úr þeim innan stofnunarinnar.

Það er einlæg von mín að árið 2014 muni marka nýtt upphaf á íslenskum fjármálamarkaði, að markviss skref verði stigin í átt að losun gjaldeyrishaftanna, að árangur náist í því að laða framtíðareigendur að stóru bönkunum og að með bættu efnahagsumhverfi og minni óvissu aukist fjárfestingar og þar með hagvöxtur á nýjan leik.

Þakka ykkur fyrir